

**Sb.**

**877. Tillaga til þingsályktunar**

**[287. mál]**

um sáttastörf í vinnudeilum.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta semja og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um eflingu sáttastarfs í vinnudeilum. Skal frumvarpið m. a. fela í sér eftirtalin atriði:

1. Starf ríkissáttasemjara skal vera aðalstarf og svo að því búið, að það verði sem sjálfstæðast. Hann hafi með höndum það verkefni að stuðla að vinnufriði í landinu og starfi í nánum tengslum við samtök launþega og atvinnurekenda.

2. Sáttasemjari fylgist að staðaldri með ástandi og horfum í atvinnumálum og með þróun launa- og kjaramála. Hann hafi vakandi auga á því, ef vinnudeila er í uppsiglingu, og beiti áhrifum sínum svo sem verða má í tæka tíð, til þess að samkomulag náist.

3. Sáttasemjari beiti sér fyrir ráðstöfunum, sem líklegar eru til umbóta í sambúð launamanna og atvinnurekenda, svo sem samstarfsnefndum, starfsmati og auknu atvinnulýðræði.

4. Við embætti ríkissáttasemjara starfi hagdeild, er vera skal samtökum launþega og atvinnurekenda til ráðuneytis um hagfræðileg efni við undirbúning og gerð kjarasamninga. Hagdeildin safni upplýsingum og vinni úr gögnum varðandi starfskjör launafólks og afkomu atvinnugreina og kappkosti að veita samtökunum fyrirgreiðslu, er að gagni mætti verða til þess að greiða fyrir kjarasamningum og varðveita vinnufrið.

Kostnaður við undirbúning málsins greiðist úr ríkissjóði.

**Greinargerð.**

Tilgangur þessarar þingsályktunartillögu er að stuðla að friðsamlegri lausn á vinnudeilum með auknu sáttastarfi og bættri aðstöðu til undirbúnings undir kjarasamninga.

Árið 1925 voru sett lög um sáttatilaunir í vinnudeilum. 1938 voru þau lög felld inn í lögin um stéttarfélög og vinnudeilur með nokkrum breytingum. 1926 var sáttasemjari ríkisins fyrst skipaður. Dr. Björn Þórðarson, síðar forsætisráðherra, gegndi því starfi frá 1926 til 1942, Jónatan Hallvarðsson, síðar hæstaréttardómari, frá 1942 til 1945 og Torfi Hjartarson tollstjóri frá 1945. Allir hafa þessir sáttasemjarar notið óskoraðs trausts jafnt launamanna sem vinnuveitenda fyrir samvizkusemi, þrautseigju og réttssýni.

Sáttasemjarastarfið hefur alla tíð verið aukastarf við hliðina á annasömu embætti. Flm. þessarar tillögu telja, að nú sé tímabært orðið að gera starf ríkissáttasemjara að fullu starfi. Kjaramálin eru orðin svo umfangsmikill og mikilvægur þáttur í þjóðlífinu, að æskilegt er, að ríkissáttasemjari geti helgað sig þeim alfarið. Tillagan gerir því ráð fyrir, að starf ríkissáttasemjara verði gert að föstu starfi, aðalstarfi. Það er nauðsynlegt, að sáttasemjari sé sjálfstæður og óháður embættismaður og hafi aðstöðu til þess að haga svo störfum sínum, að hann njóti fulls trúnaðar hjá báðum aðilum vinnumarkaðsins. Þarf að búa svo að starfinu, að þessum tilgangi verði náð.

Sáttasemjari þarf að vera að verki árið um kring og fylgjast að staðaldri með ástandi atvinnamála og þróun í launamálum. Aðilar eiga að geta leitað aðstoðar hans og fyrirgreiðslu, á hvaða stigi mála sem er, þótt ekki hafi slitnað upp úr samningaumleitunum eða vinnustöðvun verið boðuð. Eins á sáttasemjari að geta boðið fram aðstoð sína og milligöngu, hvenær sem er, þótt ekki sé í hnút komið.

Ýmsar leiðir hafa verið ræddar og reyndar hér á landi og annars staðar til þess að bæta sambúð launþega og atvinnurekenda, brúa bilið og draga úr viðsjárverðum átökum. Mörg atriði koma hér til ihugunar, og eru nokkur þeirra nefnd í tillöggunni, svo sem samstarfsnefndir, starfsmat og aukið atvinnulýðræði. Um sum þessara atriða, t. d. einstaka þætti atvinnulýðræðis, hafa nýlega verið sett lög í grannlöndum. Flm. telja æskilegt, að ríkissáttasemjari sem hlutlaus aðili leggi hér hönd að verki með frumkvæði, öflun gagna og aðstoð við athugun á hugmyndum og tillögum frá launþegum og vinnuveitendum.

Við undirbúning og gerð kjarasamninga þarf margvislegar rannsóknir, álitsgerðir og útreikninga um hagfræðileg efni. Fram hafa komið tillögur um, að samtök launþega stofni og reki eigin hagstofnun með fjárstyrk frá ríkinu. Væntanlega mundi þá hinn aðilinn koma á fót tilsvarendi stofnun á sinum vegum. Slik þróun yrði ekki æskileg, og hún er ekki líkleg til þess að draga úr deilum. Heppilegra er, að slík hagdeild verði sameiginleg fyrir báða aðila undir stjórn hlutlauss aðila eins og ríkissáttasemjara og starfi í nánú samstarfi og tengslum við samtök beggja. Hér er lagt til, að sú leið verði farin. Ekki er gert ráð fyrir, að hagdeildin starfi að verkefnum fyrir ríkisvaldið; það hefur nóg af öðrum hagstofnunum undir sinni stjórn.

Kjararannsóknarnefnd var stofnuð árið 1963 og er skipuð fulltrúum frá aðilum vinnumarkaðsins. Hún hefur unnið gagnmerkt starf, eins og fréttabréf hennar bera vott um. Við undirbúning þessa máls kemur til athugunar, hvort væntanleg hagdeild á vegum sáttasemjara ætti að taka við störfum kjararannsóknarnefndar og að nefndin eða fulltrúar frá þeim aðilum, er að henni standa, hefðu ásamt ríkissáttasemjara með höndum stjórn hagdeildarinnar.

Við undirbúning þeirrar löggjafar, sem tillagan fjallar um, þarf ríkisstjórnin að hafa náið samráð við samtök launamanna og atvinnurekenda og njóta góðs af dýrmætri reynslu núverandi ríkissáttasemjara.

Þessi þáttill. snertir ekki nein þau réttindi, sem núgildandi lög veita stéttarfélagum. Hún fjallar eingöngu um aukið sáttastarf í vinnudeilum og nýja aðstöðu til þess að greiða fyrir samningum, draga úr viðsjám og byggja nýjar brýr milli launamanna og vinnuveitenda.